

ALMENNIR SKILMÁLAR SYNDIS EHF. 29.03.2023

1. Almenn

Skilmálar þessir („skilmálar“) gilda um alla þjónustu sem Syndis ehf., kt. 580113-0600, Borgartúni 37, 105 Reykjavík (hér eftir „Syndis“ eða „félagið“) veitir viðskiptavinum sínum.

Þannig falla undir skilmálana allir samningar Syndis við viðskiptavini þess um kaup á þjónustu, þar á meðal tilboð, verkbeiðnir og verklýsingar, nema um annað sé samið með skriflegum hætti.

Auk þessara almennu skilmála (með síðari breytingum) kunna að gilda á milli Syndis og viðskiptavina félagsins sérstakir skilmálar og koma þeir þá fram í samningi aðila. Feli sérstakir skilmálar í sér frávik frá skilmálum þessum skulu þeir fyrrnefndu ganga framár þeim síðarnefndu.

2. Endurgjald og greiðsluskilmálar

3.1. Gjaldtaka og reikningar

Gjöld fyrir þjónustu eru listaverð í verðskrár félagsins, sérverð eða önnur tilgreind verð í samningi. Öll verð eru tilgreind án virðisaukaskatts, nema annað sé tekið fram.

Gjaldddagi reikninga er 14 dögum eftir útgáfu þeirra og eindagi 6 dögum eftir gjaldddaga. Athugasemdir skulu gerðar við reikninga án tafar og eigi síðar en á eindaga þeirra. Teljast reikningar annars samþykktir af hálfu viðskiptavinar.

Falli reikningur eða aðrar samningsskuldbindingar í eindaga ber viðskiptavini að greiða dráttarvexti í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

3.2. Aukaverk

Aukaverk teljast öll verk sem ekki falla innan samnings aðila. Slík verk eru reikningsfærð sérstaklega samkvæmt tímagjaldi. Fyrir slíka vinnu skal greitt samkvæmt gildandi verðskrár Syndis á hverjum tíma, nema um annað hafi verið samið. Óski viðskiptavinur eftir úttekt á þeim verkefnum sem Syndis vinnur eða þjónustu sem Syndis veitir viðkomandi viðskiptavini skal t.a.m. greitt fyrir slíka vinnu sem aukaverk.

3.3. Útlagður kostnaður

Viðskiptavinur skal greiða útlagðan kostnað sem Syndis hefur stofnað til í þágu viðskiptavinar. Sé um að ræða meiriháttar útgjöld eða kostnað mun Syndis bera slík gjöld undir viðskiptavin áður en til þeirra er stofnað.

3.4. Breytingar á verðskrár og umsömdum gjöldum

Verðskrár Syndis eru uppfærðar á 12 mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Syndis áskilur sér jafnframt einhliða rétt til að endurskoða umsamin gjöld m.t.t. breytinga á kostnaði Syndis við að þjónusta viðskiptavinar, nema um annað sé samið á milli aðila.

Að öðru leyti áskilur Syndis sér rétt til að breyta verðskrár félagsins eftir þörfum hverju sinni.

Breytingar á verðskrár og umsömdum gjöldum skulu tilkynntar viðskiptavini með 30 daga fyrirvara.

3. Skyldur og ábyrgðir viðskiptavinar

Viðskiptavinur ábyrgist að hann hafi heimild til að fela Syndis að veita hina umsömdu þjónustu og að réttindi þriðja aðila séu með öllu virt í tengslum við þá þjónustu, hvort sem um er að ræða höfundarrétt, eignarrétt eða hvers kyns önnur réttindi.

Viðskiptavinur skal gera Syndis kleift að veita hina umsömdu þjónustu, þ. á m. með því að veita aðgang að nauðsynlegum kerfum og eftir atvikum starfsstöð, eða eftir því sem nauðsynlegt er hverju sinni að mati Syndis.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á leiðbeiningum og fyrirætlum sem hann gefur Syndis, sem og réttmæti upplýsinga sem hann veitir félaginu.

4. Skyldur og ábyrgð Syndis

Syndis ber ábyrgð á að hin umsamda þjónusta sé fullnægjandi og í samræmi við samning aðila.

Telji viðskiptavinur að þjónusta Syndis sé haldin galla skal hann tilkynna Syndis um það um leið og hann verður gallans áskynja, án ástæðulauss dráttar.

5. Skaðleysi af kröfu þriðja aðila

Viðskiptavinur skal halda Syndis að fullu skaðlausu af hvers konar kröfum þriðja aðila sem byggja á því að hin umsamda þjónusta hafi brotið á réttindum viðkomandi þriðja aðila eða annarra.

6. Ábyrgðartakmarkanir

Syndis ber ekki ábyrgð á tjóni nema það verði rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis félagsins eða starfsmanna þess.

Ábyrgð Syndis takmarkast við beint tjón viðskiptavinar, og ber félagið því ekki ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni viðskiptavinar eða þriðja aðila, s.s. rekstrartapi, missis hagnaðar eða viðskiptavildar eða vanefndar viðskiptavinar á samningi við þriðja aðila.

Syndis ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur eða þriðji aðili, sem ekki er á vegum Syndis, veldur.

Skapist bótaskylda á hendur Syndis er hámarksbótaábyrgð Syndis takmörkuð við þá upphæð sem hefur verið greidd af viðskiptavini til Syndis á síðustu 6 mánuðum fyrir stofnun bótaskyldu, þó aldrei hærri fjárhæð en kr. 15.000.000.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að sjá til þess að ekki verði sett fram nein krafa eða ásökun á hendur neinum starfsmanni Syndis, sem leggur á þá eða leitast við að leggja á þá ábyrgð í sambandi við hina veittu þjónustu. Ef einhver slík krafa eða ásökun verður að engu síður gerð ábyrgist viðskiptavinur að halda Syndis og viðkomandi starfsmanni skaðlausum af öllum afleiðingum þess. Án áhrifa á framangreint skal sérhver starfsmaður Syndis njóta hagsbóta af öllum undanþágum, takmörkunum, ákvæðum, skilyrðum og réttindum í skilmálum þessum sem eru til hagsbóta fyrir Syndis eins og slík ákvæði væru beinlínis gerð til hagsbóta fyrir hann.

Ákvæði þessarar greinar gilda áfram þrátt fyrir lok samningssambands.

7. Óviðráðanleg atvik – Force Majeur

Geti Syndis vegna óviðráðanlegra atvika ekki efnt skyldur sínar gagnvart viðskiptavini er félagið laust undan öllum skuldbindingum sínum um þann tíma sem óviðráðanleg atvik (e. force majeure) standa yfir og viðskiptavinur á ekki rétt til að beita vanefndaúrræðum

gagnvart Syndis, þ.m.t. kröfum um endurgreiðslu, afslátt, skaðabætur, uppsögn eða riftun.

Með óviðráðanlegum atvikum er átt við atburð eða aðstæður sem ekki eru á valdi Syndis, enda sé þannig háttáð um þau að Syndis hafi ekki verið unnt að yfirvinna þau með eðlilegum ráðum. Án takmörkunar um almennt gildi þess sem að framan greinir skulu atburðir og atvik m.a. taka til styrjalda, uppreisna, skemmdarverka, óeirða, farsóttar, náttúruhamfara, aðgerða stjórnvalda svo sem á sviði gjaldeyris- og viðskiptamála, viðskiptabanna, hafnabanna, almennra samgönguhindrana, flutningsbanna, orkuskorti og sambærilegum óviðráðanlegum atvikum í samskiptum við undirverktaka.

Komi til þess að óviðráðanleg atvik standi yfir í 30 daga samfelld eða lengur getur Syndis rift eða sagt upp samningi við samningsaðila fyrirvaralaust án þess að baka sér bótaskyldu.

8. Hugverkaréttur og leyfi

8.1. Afurð Syndis

Öll ráðgjöf Syndis og hverskonar afurð af hinni umsömdu þjónustu er einungis ætluð viðkomandi viðskiptavini félagsins. Öðrum aðilum er óheimilt að reiða sig á ráðgjöfina, eða nýta afurðina með hverskonar hætti, nema fyrir liggja skriflegt samþykki félagsins.

8.2. Hugbúnaðarleyfi

Hugbúnaðarleyfi sem Syndis veitir viðskiptavini taka til notkunar á viðkomandi hugbúnaði á meðan samningur aðila er í gildi og viðskiptavinur greiðir umsamin gjöld.

Í þeim tilvikum sem Syndis kemur fram sem endursöluaðili þá er sá aðili er veitir Syndis réttinn til endursölu eigandi að höfundarrétti og hvers kyns öðrum réttindum á sviði hugverka- og auðkennaréttar, hvort sem um er að ræða vörumerkjarétt, hönnunarrétt, einkaleyfisrétt eða önnur réttindi, hvaða nafni sem þau nefnast, er lúta að hugbúnaðinum í samræmi við skilmála eiganda sem gilda um hugbúnaðinn. Hugbúnaðarleyfi felur ekki í sér framsal slíkra réttinda að öðru leyti en því sem beinlínis er tekið fram í samningi aðila.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að nota hugbúnað í samræmi við samning aðila og lögvarin réttindi Syndis og/eða þriðja aðila.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að fylgja leiðbeiningum Syndis, og eftir atvikum þriðju aðila, um notkun á hugbúnaði og skal viðskiptavinur sjá til þess að vélbúnaður viðskiptavinar og nauðsynlegar tengingar við hugbúnaðinn uppfylli gerðar kröfur, eftir því sem við á.

8.3. Búnaður, kerfi og efni viðskiptavinar/þriðja aðila

Í tengslum við þá þjónustu sem Syndis veitir viðskiptavini kann félagið að fá aðgang að hverskonar búnaði (vél- og hugbúnaði) og kerfum viðskiptavinar, og eftir atvikum þriðja aðila, en öll réttindi að slíkum búnaði og kerfum tilheyra viðskiptavini, eða þriðja aðila, eftir því sem við á.

Viðskiptavinur ábyrgist að allar nauðsynlegar heimildir séu til staðar fyrir slíkum aðgangi Syndis. Skal viðskiptavinur halda Syndis skaðlausu af hvers konar kröfum þriðja aðila er byggja á því að slíkur aðgangur brjóti gegn betri rétti viðkomandi.

9. Trúnaðarskyldur

Aðilar skulu virða sem trúnaðarmál þær upplýsingar sem þeir kunna að öðlast vegna framkvæmdar samnings aðila, þ. á m. um efni samningsins, upplýsingatæknikerfi viðskipta-vinar, viðskiptamenn, viðskiptasambönd, rekstur, starfsemi, fjármál og viðskiptahætti gagnaðila.

Starfsmenn, verktakar og aðrir sem sinna verkefnum fyrir Syndis eru bundnir trúnaðarskyldu samkvæmt samningi. Helst sú trúnaðarskylda eftir að samningi er lokið.

Ákvæði þessarar greinar gilda áfram þrátt fyrir lok samningsambands.

10. Persónuvernd

Syndis kemur fram sem ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga tengiliða sem koma fram fyrir hönd fyrirtækja og annarra lögaðila í viðskiptum við Syndis.

Komi til þess að Syndis vinni persónuupplýsingar fyrir hönd viðskiptavinar í tengslum við þá þjónustu sem Syndis veitir viðskiptavini, kemur viðskiptavinur fram sem ábyrgðaraðili slíkrar vinnslu í skilningi persónuverndarlaga og Syndis sem vinnsluaðili. Undir slíkum kringumstæðum ábyrgjast Syndis

og viðskiptavinur að gera með sér vinnslusamning, og ef ekki er sérstakur samningur gerður gilda vinnsluskilmálar Syndis, sem aðgengilegir eru á vefsíðu félagsins.

11. Vanefndir og vanefndaúrræði

Til vanefnda af hálfu viðskiptavinar og Syndis teljast hvers kyns brot á skilmálum þessum og samningum aðila, þar með talið hvers kyns greiðsluréttur. Syndis áskilur sér rétt til að hætta að veita og eftir atvikum loka þjónustu komi til vanefndar af hálfu viðskiptavinar.

Báðir samningsaðilar geta rift samningi án fyrirvara, ef um er að ræða verulega vanefnd af hálfu hins aðilans í samræmi við almennar reglur.

Enn fremur er Syndis heimilt að beita öllum vanefndaúrræðum, þ.m.t. riftun, ef:

- viðskiptavinur greiðir ekki reikning Syndis innan 30 daga eftir eindaga,
- viðskiptavinur uppfyllir ekki samningsbundna skyldu sína við Syndis innan 30 daga frá dagsetningu skriflegrar áskorunar frá Syndis um að efna skyldu sína, eða
- viðskiptavini er veitt heimild til greiðslustöðvunar, hann fær heimild til að leita nauðasamninga eða verður gjaldþrota.

Verði samningi rift af hálfu Syndis ber viðskiptavini að greiða áfallin gjöld samkvæmt samningi aðila auk alls kostnaðar Syndis. Enn fremur skal viðskiptavinur halda Syndis skaðlausu af öllum útgjöldum og tekjumissi, sem Syndis kann að verða fyrir vegna vanefnda viðskiptavinar á samningi.

Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

12. Framsal réttinda og undirverktakar

Syndis er heimilt að útvista verkefnum í tengslum við samning aðila, að hluta eða öllu leyti, til þriðja aðila, að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum og eftir atvikum skilmálum Syndis um vinnslu persónuupplýsinga. Syndis ábyrgist að viðskiptavinur sé látinn vita um slíka útvistun.

Viðskiptavinum er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur án samþykkis Syndis.

13. Uppsagnarfrestur

Ef ekki er kveðið á um uppsagnarfrest í samningi aðila skal uppsagnarfrestur samnings vera 3 mánuðir. Uppsögn tekur gildi um mánaðarmót eftir að hún berst og byrjar þá uppsagnarfrestur að liða. Uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

14. Samningslok

Við samningslok, af hvaða ástæðu sem er, skal viðskiptavinur greiða Syndis útistandandi skuldir, eftir því sem við á. Þá skulu aðilar skila hvorum öðrum innan 10 daga hvers konar eignum, efni, gögnum eða trúnaðarupplýsingum sem látið hefur verið í té og sannanlega er í eigu gagnaðila eða hann hefur umráð yfir.

Öll vinna sem Syndis sinnir vegna samningsloka er gjaldfærð á viðskiptavin samkvæmt verðskrár félagsins, nema um annað sé sérstaklega samið.

15. Lög og varnarþing

Samnings samband Syndis við viðskiptavini félagsins fellur undir íslensk lög.

Komi til ágreinings sem ekki tekst að leysa skal ágreiningsmál rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ef einhver ákvæði skilmála þessara eða samnings aðila eru í andstöðu við ófrávíkjanleg lög og reglur sem um þá gilda eða ef slík ákvæði eru dæmd ógild af dómstóli sem hefur lögsögu yfir samningsaðilum, skulu slík samningsákvæði umorðuð á þann veg að sem minnst röskun verði á upphaflegum tilgangi aðila innan ramma viðkomandi laga og dómsúrlausna, og skulu ákvæði skilmálanna og/eða samnings aðila að öðru leyti halda fullu gildi.

16. Breytingar á skilmálum

Syndis áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum og munu breytingar verða tilkynntar með 30 daga fyrirvara á heimasíðu félagsins.